

Mjólkurframleiðsla á Suðurlandi eykst um 11—12%:

Enginn smjör-skortur í vetur

MJÓLKURFRAMLEIÐSLA á svæði Mjólkurbús Flóamanna jókst í júnímánuði sl. um milli 11 og 12%, ef miðað er við sama mánuð í fyrra. Þá hefur aukningin haldið áfram í júlí en ekki er vitað hvað hún verður mikil. Þetta kom fram í samtali, sem blaðamaður Mbl. átti við Pétur Sigurðsson, mjólkur-

tæknifræðing hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, í gær. Hjá Péttri kom fram að mjólkurframleiðsla sumarsins í landinu er nú orðin til muna meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum í vor og væri því fyrirsjáanlegt að ekki yrði skortur á ákveðnum mjólkurvörum s.s. smjöri á næsta vetri.


Sem dæmi um hversu mjólkurframleiðslan hefði orðið með öðrum hætti en áætlað hefði verið nefndi Pétur, að gert hefði verið ráð fyrir 5% minnkun hjá mjólkurbúinu á Sauðárkróki en innvegin mjólkar hefði hins vegar aukist um 5%. Á Akureyri var gert ráð fyrir að mjólkurmagnið yrði óbreytt en það hefði aukist um 4—5%.

Þessi aukna mjólkurframleiðsla hefur það í för með sér að meira er nú framleitt af ostum en áður auk þess, sem smjör er framleitt upp í birgðir fyrir veturinn. Í vor hafði verið gert ráð fyrir 700 tonna birgðum 1. október n.k. og þótti nokkuð tvísýnt um að það næðist, en nú þykir séð að mögulegt verði að ná þessu marki og þurfa landsmenn, því ekki að kvíða smjörskorti á komandi vetri.

Loðnulöndunarnefnd tekin til starfa á ný

LOÐNULÖNDUNARNEFND tók til starfa á ný í gær. Aðsetur nefndarinnar er á sama stað og áður, en ekki er gert ráð fyrir að menn verði þar nema tvo tíma á dag fyrst í stað. Þar fékk Mbl. upplýst að allnokkrar verksmiðjur væru reiðubúnar að taka á móti loðnu allt frá Bolungarvík til Neskaupstaðar, og þegar væri búið að landa loðnu á fimm stöðum.

Hjálmar Vilhjálmsson leiðangur.



Trunt, trunt — og lukkurollin í fjöllunum

MORGUNBLAÐIÐ hefur fregnað, að nokkrar undrunar gæti meðal viðskiptavina Kaupfélags Héraðsbúa á Egilsstöðum með þjónustu fyrirtækisins. Er haft eftir bændum þar um slóðir, að miklum erfiðleik-

um sé bundið að fá þar nauðsynlegustu amboð til heyrinnu en á sama tíma sé í kaupfélaginu hið ótrúlegasta úrval af alls kyns dönskum lukkurollum af öllum stærðum og gerðum.

Fríhöfnin:

9% SÖLUAUKNING FYRRI HLUTA ÁRS

SALA fríhafnarinnar á Keflavíkurlugvelli jókst nokkuð á fyrrihluta þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Í lok júnímánaðar nam sala fríhafnarinnar frá áramótum 298,9 milljónum króna, en var á sama tímabili í fyrra 216,4 milljónir. Er þetta um 36,1% aukning í íslenskum krónum en

9,2% aukning ef miðað er við Bandaríkjadali.

Að sögn Olafs Thordersen fríhafnarstjóra hefur salan þannig verið ákaflega svipuð því sem var í fyrra svo og allur rekstur fríhafnarinnar. Þó kvað hann mega greina, að heldur væri aukning í sölu til íslenskra ferðamanna, sem um fríhöfnina færu. Einnig kvað hann bera á því, að farþegarnir sem í fríhöfninni verzlúðu, keyptu nú meira af hinum ódýrari varningi og gæfu sér þá meiri tíma við verzlunina, en samdráttar gætti hins vegar í hinum dýrari varningi.

Verðlag í Fríhöfninni á Keflavíkurlugvelli er eftir sem áður mjög hagstætt, að sögn Olafs, og er Keflavíkurlughöfnin ásamt flugstöðinni í Amsterdam álitnar hinar ódýrustu hér í nágrennalöndunum. Enda kvað Ólafur fulla nauðsyn á því, að þar sem svo stór hluti þeirra sem um flughöfnina færu væru viðkomufarþegar eða svokallaðir transitfarþegar, sem í mörgum tilfellum færu um fleiri flughafnir en Keflavík og keyptu þar sem ódýrastan varningi væri að fá

Djúprækjan:

Höfrungur enn að — Sólborg hætt

FRÁ því að Dagný hætti tilrauna-veiðum á djúprækju við Kolbeinsey hafa tvö önnur skip stundað samsvarandi veiðar — Sólborgin fyrir Austfjörðum og Höfrungur fyrir vestanverðu landinu.

Að því er Þórður Asgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tjáði Morgunblaðinu er Sólborgin nú hætt þessum veiðum. Leitaði skipið á nokkrum stöðum út af Austfjörðum, en varð lítið sem ekkert vart við rækju. Þó kvað Þórður ráðuneytisönnunum þykja það miður, að ekki skyldi vera haldið áfram þessum tilraunum og kann að til þrautar hvort ekki væri þarna rækju að finna.

Höfrungur er hins vegar enn að þessum veiðum. Fann skipið töluvert af rækju austur af Horni og fékk þar þolanlegan afla en Höfrungur er nú kominn sunnar og mun hafa verið að leita fyrir sér á Kolluálnum. Mun ætlunin

að skipið kanni eitthvað frekar svæðið sunnanvert út af Vesturlandi.

Grálúð-an horfin

NOKKRIR bátar, aðallega frá Vestfjörðum, voru gerðir út á grálúðaveiðar með línu í sumar. Framan af gekk þessi veiði sæmilega, en fyrir nokkrum dögum virtist sem öll grálúða hyrfi skyndilega af miðunum.

Jón Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðurtanga á Ísafirði, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að Þorri hefði komið til hafnar fyrir nokkru með 60 lestir af grálúðu eftir 10 daga útivist. Síðan hefði báturinn haldið út á ný, en ekkert fengið. Leitaði báturinn að grálúðu frá suðvesturhluta Vestfjarða allt austur fyrir Langanes, en varð hvergi var.

Fíkniefnamálið:

Snýst um kannabish-meðferð

Rannsókn er haldið áfram á fíkniefnamáli því, sem Morgunblaðið greindi frá í gær, en sem kunnugt er hefur ungur Reykvik-ingur nú verið úrskurðaður í allt að 30 daga gæzluvarðhald í tengslum við málið.

Að sögn Arnar Guðmundssonar fulltrúa hjá fíkniefnamálmáttum er rannsókn málsins enn á byrjunarstigi, og enn ekki hægt að fullyrða um hversu mikið af fíkniefnum hér er á ferðinni, en hér er fyrst og fremst um kannabish-meðferð að ræða. Þegar hafa nokkrir verið yfirheyrðir vegna þessa máls og leiddi það til þess að ástæða þótti til að úrskurða manninn, sem áður er nefndur, í gæzluvarðhald. Fíkniefnalögreglan hefur áður þurft að hafa afskipti af honum vegna svipaðra mála.



Ivar Guðmundsson

Þáttur Íslands í 200 ára afmæli Bandaríkjanna

AÐALRÆÐISMAÐUR Íslands í New York, Ivar Guðmundsson, er staddur hér á landi um þessar mundir í sumarleyfi ásamt fjölskyldu sinni. Morgunblaðið spurði hann um þátt Íslands í 200 ára afmæli Bandaríkjanna, er það náði tali af honum.


Sagði Ivar, að það væru aðallega þrjú atriði sem hann gæti nefnt í því sambandi. Fyrst bæri að nefna þátttöku íslensku hestanna 15 í þolreiðinni þvert yfir Bandaríkin, sem nú stendur yfir

og er meira en hálfnuð. Hafa íslensku hestarnir staðið sig einstaklega vel, einkum fyrir þol frekar en flýti.

Í öðru lagi minntist hann á þátt vikingaskipsins Leifs Eiríkssonar í seglskipasýningunni í New York þann 4. júlí s.l. og í þriðja lagi þátt Íslands á norrænu handavinnusýningunni, sem haldin var í Smithsonian-safninu í Washington D.C. Þar var sérstök norræn vika og var sýnd tógvinna frá Íslandi.



Í DAG er spáð hægri breytilegri átt um landið og nær óbreyttu veðri frá því í gær. Gert er ráð fyrir sólskini á suðaustanverðu landinu en sólarlausu annars staðar. Víða má búast við lítils háttar úrkomu. Gert er ráð fyrir svipuðu veðri á laugardag.



ÞESSUM stúlkum var ósköp kalt þegar þær stigu á land á Keflavíkurlugvelli á dögunum, enda veður hér síðustu daga ólíkt óbliðara en gengur og gerist í flestum löndum Evrópu um þessar mundir.

Reykjavík liðinna daga Ljósmyndasýning opnar í dag

ÓSKAR Gíslason opnar í dag ljósmyndasýningu á Kjarvalsstöðum, sem hann nefnir Reykjavík liðinna daga og heldur hann hana í tilefni 50 ára afmælis Ljósmyndarafélags Íslands. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 14. til 22.


Í veglegri sýningaskrá ritar Erlendur Sveinsson svo:

Ljósmyndasýning Óskars Gíslasonar á Kjarvalsstöðum 1976 er fyrsta einkaljósmyndasýning hans. Elstu ljósmyndir Óskars á sýningunni eru frá árinu 1915 eða

ári áður en hann hóf nám í ljósmyndun. Yngstu ljósmyndirnar eru teknar frá sama sjónarhorni rúmri hálfri öld síðar. Meginviðfangsefni sýningarinnar er að sýna Reykjavík, líf hennar og vöxt á fyrra helmingi aldarinnar. Til stuðnings þessu viðfangsefni og í virðingarskýni við frumherja ljósmyndunar á Íslandi hefur Óskar unnið upp eftir glerplötum, sem varðveittar eru í Þjóðminjasafni, ljósmyndir frá því um og eftir aldamót. Hér er um að ræða ljósmyndir teknar af Sigfúsi Eymundssyni, Péttri Brynjólfsyni, Ólafi Magnússyni, kennara Óskars, og Magnúsi Ólafssyni. Flestar myndirnar hafa ekki komið fyrir almenningssjóni áður.

Óskar Gíslason er borinn og barnfæddur Reykvikingur og bærinn því honum kær. Hugmyndina að þessari sýningu fékk hann fyrir um 30 árum, þegar hann var að vinna að hinni umfangsmiklu heimildarkvikmynd sinni „Reykjavík vorra daga“. Reykjavík liðinna daga, gæti verið eins konar yfirsýning þessa nýjasta þrekvirkis hins 75 ára síunga ofurhuga.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður, aðstoðaði Óskar við val flestallra ljósmynda á sýningunni en Björn Björnsson, leikmynda-teiknari, við uppsetningu hennar.



Óskar Gíslason